

Viðmiðunarreglur Eyja- og Miklaholtshrepps um snjómokstur

Markmið með snjómokstri og hálkueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís veldur íbúum sveitarfélagsins. Vetrarþjónusta miðað að því að halda opnum helstu tengibrautum, leið skólabíls og aðgengi að neyðarþjónustu eins og kostur er. Ef veðurútlit er með þeim hætti, er áskilinn réttur til að fella niður snjómokstur eða skerða þjónustu, á meðan óveður gengur yfir.

Snjómokstri og hálkueyðingu í Eyja- og Miklaholtshreppi er stýrt af oddvita.

Eyja- og Miklaholtshreppur annast mokstur og hálkuvörnir að og við stofnanir sveitarfélagsins og við húsnæði hjá viðbragðsaðilum.

Vakin er athygli á að ekki er hægt að tímasetja nákvæmlega mokstur á einstökum vegum eða afleggjurum.

Eyja- og Miklaholtshreppur sinnir hálkuvörnum eins og sá sem sinnir snjómokstri telur þörf á.

Eyja- og Miklaholtshreppur annast ekki snjómokstur:

- Á bílastæðum eða plönum einstaklinga eða fyrirtækja
- Frá sorpílátum eða bílskúrum einstaklinga
- Á einkavegum að húsnæði sem skilgreint er sem sumarhús í fasteignaskrá þjóðskrár
- Á einkavegum í og að sumarhúsahverfum
- Að ferðamannastöðum
- Á hlöðum eða plönnum við útihús í dreifbýli

Þá ber þeim er sinna snjómokstri í Eyja- og Miklaholtshrepp ekki að draga bíla upp úr festu.

Eyja- og Miklaholtshreppur greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án samþykkis, nema ef beiðni um mokstur kemur frá lögreglu, slökkviliði, læknum eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðartilfella. Ofantöldum er heimilt að kalla út tæki án samþykkis sveitarfélagsins.

Megin áhersla skal lögð á þær leiðir þar sem að er akstur grunnskólabarna og hefur skólabílstjóri heimild til að hafa samband við þann sem sinnir snjómokstri og óska eftir mokstri.

Sá sem sinnir snjómokstri tekur við óskum um snjómokstur frá íbúum, skólabílstjóra, sorphirðuvertaka og félagsþjónustu. Megináhersla er lögð á að skólabörn komist til skóla þá daga sem að skólahald er skv. skóladagatali. Þá eru heimreiðar mokaðar ef nauðsynlegt er vegna sorphirðu og/eða félagsþjónustu.

Þeim sem sinnir snjómokstri er heimilt að fresta mokstri ef veður er óhagstætt, s.s. ef óveður hamlar mokstri eða ef slíkt veður er fyrirsjáanlegt.

Íbúar skulu hafa samband við þann sem sinnir snjómokstri þegar þörf er á snjómokstri. Þegar óskað er eftir heimreiðamokstri þarf að panta hann með sólarhrings fyrirvara til að unnt sé að skipuleggja hann með öðrum mokstri. Sé slíkt ekki gert, er ekki hægt að tryggja snjómokstur eins og óskað er eftir.

Hafa ber í huga að reglur þessar eru viðmiðunarreglur og ber að líta á þær sem slíkar.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar 8. febrúar 2024.